

Arfleifðin afhjúpuð

Unlocking Hidden Heritage

Í upphafi árs 2007 hóf Byggðasafn Árnesinga þátttöku í samstarfsverkefni aðila frá sex löndum, sem hlaut Leonardo da Vinci styrk frá Evrópusambandinu til tveggja ára. Verkefnið er á sviði fornleifa- og þjóðfræði og miðar af því að gera arfleifð landanna sýnilega, einkum þó það sem snýr að verkþekkingu sem hætt er við að glatist í nútímasamfélagi. Önnur markmið verkefnisins eru:

- 1) Fá almenning til að taka þátt í viðfangsefnum sem tengjast verkefninu, sérstaklega fólk á landsbyggðinni og ekki síst konur og ungt fólk.
- 2) Kynna fornleifafræði og fornleifaskráningu fyrir almenningi.
- 3) Halda vinnusmiðjur sem tengjast verkþekkingu sem á undir högg að sækja.
- 4) Nýta byggingarefni og annað hráefni á sjálfbæran hátt.
- 5) Kenna handverk og vinnubrögð sem eru á undanhaldi.
- 6) Endurgera eða lagfæra byggingu eða annað þar sem fornri verkkunnáttu er beitt.
- 7) Safna upplýsingum um og kynna menningararfinn.

Samstarfsaðilar Byggðasafnsins eru *Grampus Heritage and Training Ltd.* í Englandi, *Aktrotiri Environmental Centre* á Kýpur, *Dubener Heide Naturpark* í Þýskalandi, *Krajina* í Slóvakíu og *Sylviron* á Írlandi. Íslensku verkefnisstjórnarnir eru þær Margrét Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir, fornleifafræðingar sem starfa hjá Byggðasafni Árnesinga. Auk þess að taka þátt í stjórn verkefnisins sækja þær vinnusmiðjur sem tengjast þeirra sviði.

Vinnusmiðjurnar sex sem haldnar verða eru:

- 1) England: Skráning fornleifa og kynnt tækni við yfirborðskönnun á rómversku virki.
- 2) Kýpur: Körfugerð og söfnun upplýsinga um hráefnisöflun og markaðssetningu.
- 3) Írland: Byggð endurgerð húss frá tímum Kelta.
- 4) Slóvakía: Kennt hvernig gera á þakskífur úr timbri og þær notaðar til að gera við húspak.
- 5) Þýskaland: Rannsókn á tjörugetu og forn ofn til framleiðslu á tjöru úr trjákvöðu endurgerður.
- 6) Ísland: Torfskurður kenndur, endurbyggt hús úr torfi og fornleifaskráning kynnt þar sem lögð er áhersla á rústir torfbygginga.

Íslensku verkefnisstjórnarnir leggja áherslu á að sú þekking sem þátttakendur öðlast í vinnusmiðjunum nýtist þeim og henni sé miðlað þegar heim er komið og því hefur verið vandað til vals á þátttakendum. Sem dæmi má nefna að minjavörður frá Fornleifavernd ríkisins sótti vinnusmiðjuna á Englandi, kona sem starfar með samtökunum Lifandi landbúnaður, sem er grasrótahreyfing kvenna í íslenskum landbúnaði, fór til Kýpur ásamt sérfræðingi frá Landupplýsingasviði Landgræðslu ríkisins og húsasmíðameistari hjá Húsafriðunarnefnd sem sér um Húsasafn Þjóðminjasafnsins sótti Írland heim.

Vinnusmiðja verður haldin á Íslandi dagana 24. ágúst til 3. september 2008. Markmið hennar verður að kenna að skera torf og byggja úr því en það er þekking sem er aðeins á valdi mjög fárra einstaklinga í dag. Vinnusmiðjan verður haldin í samstarfi við Fornverkaskólann í Skagafirði. Að honum standa Byggðasafn Skagfirðinga, Háskólinn á Hólum og Fjölbautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Fornverkaskólinn hefur meðal annars haldið námskeið í byggingu torfhúsa og hafa þau farið fram á Tyrfingsstöðum á Kjálka í Skagafirði sem verður einnig vettvangur íslensku vinnusmiðjunnar. Auk torfskurðar og –hleðslu verður kennt hvernig unnt er að bera kennsl á fallin torfhús í umhverfinu og skráning fornleifa kynnt.

Eins og áður hefur komið fram er verkefnið ekki aðeins bundið við vinnusmiðjurnar því eitt af markmiðum verkefnisins er að tengja almenning við arfleifð sína. Starfsmenn Byggðasafnsins eru í miklu og góðu samstarfi við íbúa Árborgar vegna fornleifa-skráningar sveitarfélagsins. Á vormánuðum 2008 verður haldin kynning á því verkefni. Auk þess hafa verkefnisstjórnar lagt áherslu á að fylgjast með og taka þátt í viðburðum sem koma að efnisþáttum verkefnisins. Þeir sátu til dæmis ráðstefnuna Torf í arf sem haldin var í Skagafirði í mars 2007. Á vormánuðum hefur annar verkefnisstjórninn tekið þátt í undirbúningi fyrir Landnámsdag í uppsveitum Árnassýslu með því að sækja námskeið í gerð víkingaklæðnaðar með hópi handverkskvenna í Ullarsetrinu í Þingborg. Jafnframt er stefnt að því að taka þátt í byggingu á jarðhýsi eins og heimildir hafa fundist um að byggð voru hér á landi við upphaf landnáms.